

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð.

1. gr.

Langanesbyggð innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með þjónustu og innheimtu gjalda fyrir flutning og á söfnunarstöðvum, eigi það við.

2. gr.

Sorphreinsunargjald heimila greiðist árlega. Gjaldið er tilgreint í 5. tölulið samþykktu Langanesbyggðar um álagningarákvæði fasteignagjalda hverju sinni. Þetta gjald innheimtist samhliða innheimtu fasteignagjalda.

Fyrir alla meðhöndlun úrgangs umfram þetta greiðist samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins á hverjum tíma.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku úrgangs á safnstöðvum (gámavelli) Langanesbyggðar er með eftirfarandi hætti:

Flokkur	Lýsing	Verð í krónum á rúmmetra (m³)
101	Blandaður úrgangur til urðunar	4.520
203	Lífrænn heimilisúrgangur til jarðgerðar	0
301	Óflokkað og málað timbur	4.520
302	Flokkað timbur, hreint og ómálað	0
600	Málmar og brotamálmar	0
398	Bylgjupappi, dagblöð, pappír til endurvinnslu og hreinn pappír	0
501	Óflokkaður úrgangur óendurvinnanlegur að hluta til a.m.k.	8.393
405	Heyrúlluplast (hreint), stórsekkir	0
415	Hjólbarðar	0
420	Plastumbúðir (hreinar)	0
510	Raftæki	0
900	Spilliefni	sjá 4. gr.

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst hverju sinni.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir ¼ m³ bera lágmarksgjald kr. 4.197.

4. gr.

Gjald fyrir móttöku og urðun úrgangs frá fyrirtækjum á urðunarstað sveitarfélagsins skal vera með eftirfarandi hætti:

	Gjald fyrir móttöku óflokkaðs urðanlegs úrgangs	1.937 kr. pr. m³
204	Gjald fyrir móttöku lífræns rekstrarúrgangs (fiskslóg)	2.260 kr. pr. m³

Heimilt er að hafna móttöku á úrgangi til urðunar ef hann er ekki flokkaður með ásættanlegum hætti og inniheldur úrgang sem ekki er heimilt að urða.

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun, svo sem vegna óásættanlegrar flokkunar, er sveitarfélaginu heimilt að innheimta fyrir það tímagjald samkvæmt gjaldskrá verktaka að viðbættum umsýslukostnaði.

Heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði vegna förgunar spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald.

5. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs skal innheimta mánaðarlega nema á safnstöðum (gámavöllum) þar er heimilt að staðgreiða. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

Gjöld skv. 2. gr. eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð nr. 1794/2024.

Samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar, 11. desember 2025.

Björn S. Lárusson sveitarstjóri.